



## Afreksstefna GSÍ

### Hugmyndafræðin

Hlutverk og tilgangur GSÍ er að vinna að framgangi golfíþróttarinnar og útbreiðslu hennar. Liður í því er að hlúa sérstaklega að afrekskylfingum. Það verður best gert með markvissri stefnu og mælikvörðum.

### Framtíðarsýn

Innan tíu ára hafi Ísland eignast áhuga- og atvinnukylfinga í fremstu röð. Fjárhagsleg geta GSÍ hafi þá styrkst til muna vegna aukinna umsvifa og samhliða möguleikar til þess að styðja bæði einstaklinga, klúbba og þjálfara enn frekar.

### Markmið

Innan tíu ára verði íslenskur kylfingur kominn á sterkustu mótaraðir atvinnumanna í Evrópu og/eða Bandaríkjunum.

### Stefna

Til að ná þessum markmiðum mun GSÍ einblína á að fjölga afrekskylfingum og styðja við þá sem þegar standast viðmið sambandsins. GSÍ leggur þannig áherslu á eftirtalda þætti:

- að halda úti virkri afreksstefnu
- að afreksstarf GSÍ sé gegnsætt og aðgengilegt á vef sambandsins
- að landsliðsþjálfari skili ársfjórðungslega skýrslu til afreksnefndar um starfið þar sem fram koma tölulegar upplýsingar og ábendingar um það sem betur má fara til að markmið náist
- að einn þjálfari verði á hverju landssvæði sem ber ábyrgð á sínu svæði gagnvart landsliðsþjálfara og
  - sé ráðgefandi um það er betur má fara með tilliti til aðstöðu á hverju svæði, þjálfunar og annarra mælanlegra þátta
  - hitti landsliðsþjálfara tvisvar á ári til að meta afreksstefnuna, hverju hún er að skila, hvað gangi vel og hvað megi bæta innan svæðis. Fundir eru við upphaf keppnistímabils og að því loknu
- að lágmarki sé einu sinni á ári sameiginlegur fundur þjálfara kylfinga í afrekshópi GSÍ og þjálfara hvers landssvæðis undir stjórn landsliðsþjálfara þar sem rædd eru afreksmál og þá sérstaklega hvað gangi vel og hvað megi bæta
- að setja forgjafarviðmið afrekskylfinga og afreksefna
- að þjálfun afrekskylfinga og afreksefna sé í höndum PGA þjálfara
- að golfklúbbar landsins velji þær leiðir sem heppilegastar þykja með hliðsjón af afreksstefnunni og forgjafarviðmiðum hennar.

**AFREKSSTEFNA GSÍ  
2012 – 2022**

- að umbuna kylfingum að hausti sem ná forgjafarviðmiðum afrekskylfinga með:
  - sæti í afrekshópi GSÍ fyrir iðkendur 14 ára og eldri, merktum fatnaði og æfingaferðum og öðru því sem fylgir því að vera í afrekshópi
  - að veita kylfingi yngri en 14 ára og klúbbs hans viðurkenningu fyrir að ná forgjafarviðmiðum afrekskylfinga
- að halda námskeið að minnsta kosti einu sinni á ári fyrir kylfinga í afrekshópi um golfreglur, líkams- og hugarþjálfun, mataræði, markmiðssetningu og leikskipulag, svo dæmi séu tekin
- að taka þátt í landsliðs- og einstaklingsverkefnum áhugamanna, eins og kostur er og styðja við verkefni þeirra atvinnumanna sem eru í afrekshópi
- að aðstoða afrekskylfinga við að komast á mót og æfingar erlendis
- að aðstoða afrekskylfinga við að komast í skóla erlendis þar sem þjálfun er góð
- að aðstoða afrekskylfinga eftir fremsta megni að samræma golfiðkun námi og starfi
- að koma á fót árangurstengdum afrekssjóði GSÍ fyrir atvinnu- og áhugamenn

Afreksstefnan skal endurskoðuð árlega.

**Mælikvarðar**

Mælikvarðar sem notaðir skulu við mat á árangri hvers árs, teknir saman 1. nóv. eru þessir að lágmarki:

1. Fjöldi afrekskylfinga -
  - a. Í hverjum golfklúbbsi –
  - b. Í hverjum árgangi, skipt eftir kynjum
2. Fjöldi afreksefna
  - a. Í hverjum golfklúbbsi –
  - b. Í hverjum árgangi, skipt eftir kynjum
3. Meðaltalsforgjöf
  - a. 10 efstu karla og kvenna
  - b. 25 efstu karla og kvenna
  - c. 50 efstu karla og kvenna
  - d. 100 efstu karla og kvenna
4. Fjöldi og staða kylfinga á heimslista áhugamanna
5. Fjöldi og staða kylfinga á heimslista atvinnumanna
6. Fjöldi kylfinga á mótaroðum atvinnumanna í Evrópu og/eða Bandaríkjunum.

**Skilgreining afreka og afrekshópur GSÍ**

GSÍ styðst við skilgreiningar ÍSÍ um viðmið afreka íþróttafólks og eru þær eftirfarandi:



## AFREKSSTEFNA GSÍ 2012 – 2022

- Um **framúrskarandi kylfing** er fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- **Afrekskylfingur** er sá kylfingur sem stenst skráð forgjafarviðmið í afreksstefnu GSÍ.
- **Afreksefni** er sá kylfingur sem stenst skráð forgjafarviðmið í afreksstefnu GSÍ og er hann talinn, með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Áherslan liggur því fyrst og síðast í að styðja við bakið á afrekskylfingum og afreksefnum til að markmið stefnunnar um að íslenskur kylfingur leiki á mótaroðum bestu kylfinga heims verði að raunveruleika. Þegar það verður fellur sá kylfingur undir skilgreininguna að vera framúrskarandi.

Við skilgreiningu á því hvað telst vera afrekskylfingur og afreksefni er miðað við forgjöf. Við útreikning á forgjafarviðmiðum var stuðst við forgjöf kylfinga í afrekshópi GSÍ árið 2010 og nokkurra bestu kylfinga landsins liðin ár og áratugi. Meðaltal forgjafar bestu karla og bestu kvenna myndar síðan forgjafarviðmið afrekskylfinga og meðaltal allra myndar síðan forgjafarviðmið afreksefna.

Afrekshópur GSÍ fyrir hvert ár er kynntur að hausti. Árangur kylfinga ræður mestu um skipan hópsins og þannig eru:


- allir kylfingar, 14 ára og eldri, sem ná viðmiðum afrekskylfings í afrekshópi
- þeir kylfingar sem ná viðmiðum afreksefna og:
  - höfnuðu í öðru af tveimur efstu sætunum á stigalista GSÍ í unglingsflokkum
  - höfnuðu í einu af þremur efstu sætunum í aldurshópnum 19 til 21 árs og 22 ára og eldri á stigalista GSÍ

Landsliðsþjálfari getur, að skráðum skilyrðum uppfylltum, fjölgað í hópnum.


### Forgjafarviðmið karla/pilta



AFREKSSTEFNA GSÍ  
2012 – 2022



Forgjafarviðmið kvenna/stúlkna



Full ástundun forsenda aðstoðar

Öll vinna að því að ná settu marki skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttanna. Enn fremur ber að stefna að því að ástundun afreksíþróttamanna sé hluti af lífsmynstri og þau ár sem einstaklingurinn helgar íþróttinni krafta sína komi það ekki niður á þroska einstaklingsins

**AFREKSSTEFNA GSÍ  
2012 – 2022**

og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttiferli loknum. Til að ná settu marki ber að beita þeim ráðum sem fyrir hendi eru gagnvart kylfingum sem sýnt hafa getu til að skipa sér á bekk með þeim bestu. Allir sem stefna hátt hafa möguleika á að njóta stuðnings en árangur þeirra og geta ræður ferðinni um framhald og möguleika á stuðningi. Framfarir og full ástundun kylfings er forsenda aðstoðar og stuðnings GSÍ.

**Fagteymi**

GSÍ mun leita eftir samstarfi við fagteymi ÍSÍ, sem er teymi fagfólks á sviði þjálfunar, sálfræði og íþróttameiðsla og sinnir fræðsluverkefnum fyrir sambandið og miðlar þekkingu til afrekfólks og þjálfara með námskeiðum ásamt því að vera til staðar þegar á þarf að halda að mati afrekssviðs ÍSÍ. Með teyminu gefst afreksíþróttamönnum jafnframt tækifæri til að leita eftir aðstoð færustu sérfræðinga sem völ er á, t.d. við meiðslum, sálfræðiaðstoð og þjálfunaraðferðum. GSÍ mun auk þessa bjóða fræðslu fagfólks á sviði golftækni og leikskipulags.

Nánar er fjallað um afreksstarf GSÍ í reglum um afrekshóp og landslið GSÍ.

**Lokaorð**

Afreksstefna GSÍ er byggð á grunni afreksstefnu ÍSÍ sem samþykkt var á íþróttáþingi. Sameiginleg markmið íþróttahreyfingarinnar vegna afreksíþróttar eru m.a. þessi:

- Að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afrekflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afrekstig íslenskra íþróttar með því að:
  - efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og vinna með afreksíþróttamanninum
  - að tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki og stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins
  - að auka íslenska þjálfunarkunnáttu
- Til þess að ná settu marki ber hreyfingunni að setja sér tímabundnar markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum.
  - Afrekssvið ÍSÍ skal í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ og séríþróttanefndir ÍSÍ móta tímasett markmið og kynna þau fyrir hreyfingunni.

Afreksstefnu GSÍ svipar þannig að miklu leyti til afreksstefnu ÍSÍ. Stefnan byggir síðan á grunni fyrri stefnu, niðurstöðum fundar um afreksstefnu golfhreyfingarinnar sem haldinn var 30. október 2010 auk þess sem haft er að leiðarljósi að stefnan sé samrýmanleg afreksstarfi golfklúbbana.